

**Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um borgun 116**  
**fyrir ferðir lækna samkvæmt ákvæðum laga nr 3 frá 4. febr. 1898.** <sup>30. ágúst</sup>

— Með brjefi, dagsettu 19. júní þ. á., hafð þjer, herra landshöfðingi, sent hingað erindi frá Sigurði Hjørleifssyni hjeraðslækni í Höfðahverfishjeraði, þar sem hann fer þess á leit, að ráðaneytið láti uppi álit sitt um það, hvort læknum beri borgun af landsjóði eða ekki fyrir ferðir, er þeir verði að fara samkvæmt ákvæðum laga 4. febr. 1898 um aðgreining holdsveikra frá öðrum mönnum og flutning þeirra á opinberan spítala. Jafnframt hafð þjer tekið það fram, að þjer hafð eigi talizt hafa heimild til að greiða hinn umrædda ferðakostnað úr jarðabókarsjóði vegna þess, hvernig orðunum sje hagað í 11. gr., sbr. 1. gr. umræddra laga, því að 11. grein kveði eptir yðar skoðun aðeins á um það, hve mikið beri að greiða læknum fyrir slíkar ferðir, en þess sje látið ógetið í lögunum, hver skuli greiða borgunina af hendi. Í sambandi hjervið hafð þjer lagt það til, að, ef ráðaneytið gæti fallizt á skilning yðar á 11. gr. laganna, yrðu gerðar nauðsynlegar ráðstafanir til þess, að fá breytt hinum umræddu ákvæðum þannig, samkvæmt því, sem ætla mætti að hefði verið tilgangur alþingis, að borgunin fyrir hinar umræddu ferðir greiðist af landsjóði, því að annars sje þess varla að vænta, að lögin komi að fullum notum.

Útaf þessu skal yður til vitundar gefið til leiðbeiningar og birtingar í B-deild Stjórnartíðindanna það, sem hjer segir. Samkvæmt 11. gr. 2. í stjórnarfrumvarpinu átti að greiða af amtsjafnaðarsjóðunum kostnað þann, er ræðir um í 11. gr. 1. Breyting sú, sem gjörð var á 2. málsgrein nýnefndrar lagagreinar, hefir orðið til þess, að nú eru engin bein ákvæði um það í lögunum, hvaðan borgunin fyrir ferðir þessar skuli koma. Ráðaneytið verður að vera þeirrar skoðunar, að það komi ekki til mála, að fyrir hina umræddu breytingu hafi kostnaður þessi lagzt á hina holdsveiku eða aðra einstaka menn. Þegar því hjereptir á að gjöra út um það, úr hverjum opinberum sjóði eigi að greiða ferðakostnað þennan, þá verður ráðaneytið að álita það, eptir öllum þeim skýringargögnum, sem fyrir hendi eru, að hann eigi að greiða úr landssjóði, og þeirrar skoðunar hefir ráðaneytið á sínum tíma verið, er það samdi tillögur sínar um staðfesting laganna.

**Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um upplutning 117**  
**lærisveina lærða skólans.** — Með brjefi, dagsettu 27. júlí þ. á., hafð þjer, <sup>12. sept.</sup>

herra landshöfðingi, sent hingað erindi, sem borizt hefir stiptysfirvöldunum, þar sem kvartað er yfir, að rektor lærða skólans hafi úrskurðað, að lærisveini nokkrum, sem vorið 1899 sat eptir í 1. bekk skólans, fór síðan úr skóla og las utan-skóla, og sem nú hefir staðizt árspróf 2. bekkjar eða náð stigafjöldað þeim, sem heimtaður er í reglugjörð nefnds skóla frá 12. júlí 1877, 9. gr., eigi skuli leyft að vera í 3. bekk á skólaári því, er í hönd fer, heldur einungis í 2. bekk, og fer beiðandinn jafnframt fram á, að stiptysfirvöldin ónýti tjeðan úrskurð og leyfi,

3. dag nóvembermánaðar 1900.

**117** að lærisveinninn á komanda hausti verði tekinn í 3. bekk; hafið þjer skýrt  
12. sept. frá því, að útaf þessu hafi risið ágreiningur milli stiptsyfirvaldanna og rektors skólans um skilning á eptirgreindu ákvæði 9. gr. reglugjörðar skólans að því er þetta atriði snertir: »Til þess að geta fluttzt úr einum bekk í annan, þarf pilturinn að minnsta kosti að fá þá töluupphæð í ársprófinu, er samsvarar lægsta vitnisburði til burtfararprófs«.

Þar sem rektor heldur því fram, að þetta ákvæði eigi ekki við eins og hjer stendur á, er ræða er um inntökupróf, með því ákvæðið einungis snerti uppflutning lærisveina úr einum bekk í annan, þá álíta stiptsyfirvöldin að nefnt ákvæði einnig eigi við, þegar ræða er um inntökupróf til 2. bekkjar og bekkjanna þar fyrir ofan, þegar sjerstakt tillit er til þess tekið, að hlutadeigandi utanskólasveinar eru prófaðir með lærisveinum skólans, og þeim þarafleiðandi verði að gjörast jafnt undir höfði sem lærisveinunum.

Þar sem ennfremur rektor, samkvæmt því sem hingað til hefir átt sjer stað, er á þeirri skoðun, að greint ákvæði því að eins heimili rektor og kennurunum að flytja lærisvein upp úr einum bekk í annan, þegar hann hefir náð stigafjölda þeim, er heimtaður er, að þeir álíti lærisveinninn nægilega þroskaðan til uppflutnings, þá skilja stiptsyfirvöldin ákvæðið þannig, að það veiti lærisveinum rjett til að krefjast uppflutnings þegar í stað, er hann hefir náð stigafjölda þeim, sem heimtaður er.

Þjer hafið, að því er snertir fyrra atriðið, tjáð yður samdóma stiptsyfirvöldunum í því, að, enda þótt greint ákvæði eigi sje sett með tilliti til inntökuprófs, þá sje þó eðlilegast að láta hinar sömu reglur gilda í þessu tilliti fyrir utanskólasveina sem fyrir lærisveina skólans, en hvað síðara atriðið snertir hafið þjer tjáð yður á sama máli og rektor, með því þjer álítið skilning hans og venju þá, er tíðkamt hefir hingað til, eiga bezt við hlutarins eðli og orðalag ákvæðisins í sambandi við ákvæði reglugjörðarinnar að öðru leyti, og hafið þjer samkvæmt þessu lagt málið undir úrskurð ráðaneytisins.

Útaf þessu lætur ráðaneytið ekki hjálða að tjá yður, að það, að því er fyrra atriðið snertir, verður að vera yður samdóma í því, að eðlilegast sje, eptir því sem hjer stendur á, að gjöra engan greinarmun á uppflutningi skóla-lærisveins og inntöku utanskólasveins.

Jafnvel þó ráðaneytið þarnæst, að því er snertir hið síðara atriði, verði að játa, að skilningur stiptsyfirvaldanna styðjist að nokkru við umræður þær, sem áttu sjer stað áður en reglugjörðin frá 12. júlí 1877 kom í gildi, verður það þó að álíta mjög svo varúðarvert, að fallast á skilning, sem svo gjörsamlega mundi kollvarpa dómrjetti skólans, sem bæði hlutarins eðli útheimtir og venja sú, sem fylgt hefir verið síðan 1877, hefir viðurkennt. Ráðaneytið verður þess vegna einnig í þessu atriði að fallast á skilning herra landshöfðingjans og þarafleiðandi einnig rektors.

Því skal við bætt, að þegar hjer er talað um »dómrjett skólans«, þá er þar með átt við »rektor í samráði við kennara skólans«, þannig, að skjóta megi málinu undir úrskurð yfirstjórnar skólans, ef ágreiningur verður.

Þetta er yður til vitundar gefið til leiðbeiningar viðkomendum og **117**  
birtingar í B-deild Stjórnartíðindanna. 12. sept.

**Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir Norðuramtinu og Austur-** **118**  
*amtinu um sparisjóðshlunnindi.* Með brjefi þessu voru »sparisjóðnum á 21. sept.  
Akureyri« endurveitt sparisjóðshlunnindi um 5 ár með venjulegum kjörum frá 1.  
janúar 1901 að telja.

**Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir Suðuramtinu og Vestur-** **119**  
*amtinu um flutning þingstaðar.* Samkvæmt tillögum yðar, herra amtmað- 28. sept.  
ur, í brjefi, dagsettu 25. þ. m., meðmælum hlutaðeigandi sýslumanns og beiðni  
hreppsnefndarinnar í Mýrahreppi í Skaptafellssýslu, vil jeg hjer með veita sam-  
þykki mitt til þess að þingstaður umgetins hrepps sje fluttur frá Hömrum að  
Brunnhóli, þó með því skilyrði, að hreppsnefndin annist um, að til verði hæfi-  
legt hús til þinghalda á hinum nýja þingstað.

Þetta er yður til vitundar gefið til leiðbeiningar og frekari birtingar.

**Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir Suðuramtinu og Vestur-** **120**  
*amtinu um afgreiðslugjald af skipi.* Þjer hafði, herra amtmaður, í brjefi 20. okt  
yðar, dagsettu 27. f. m., látið álit yðar uppi um erindi frá Einari umboðsmanni  
Markússyni, þar sem hann spyrst fyrir um það, *hvort greiða skuli afgreiðslugjald*  
af skipi, sem keypt hafði verið fyrir hann í Englandi í vetur, sem leið, og hafði  
með sjer, um leið og það var flutt hingað til lands, 30 tons af salti, er nota átti  
handa skipinu við fiskiveiðar þess hjer við land í sumar, og, ef greiða skuli af-  
greiðslugjald af skipinu, *hve hátt* það skuli vera. Skipið var í ferð þeirri, er um  
er að ræða, flutt til Ólafsvíkur af dönskum mönnum, er fóru þar af skipinu, en  
á það fóru þá aptur innlendir menn til fiskiveiða hjer við land. Hafði þjer lát-  
ið þá skoðun yðar í ljós, að það geti ekki verið neinum vafa undirorpið, að skip  
þetta eigi í því tilliti, sem hjer er um að ræða, að meðhöndlust eptir lögum 2.  
febr. 1894, um aukatekjur þær, sem renna í landssjóð, 56. gr. 1. kafla, og að  
greiða eigi af því sem afgreiðslugjald 25 aura af hverri smálest af rúmfangi  
skipsins, þar sem skipið hefði haft salt meðferðis hingað til landsins, sem nota  
átti og notað hefði verið til fiskiveiða hjer, hvort sem það hafi verið látið sitja  
í skipinu eða verið flutt í land.

Útaf þessu skal yður til vitundar gefið til leiðbeiningar og frekari birt-  
ingar, að jeg er yður samdóma um það, að afgreiðslugjald beri að greiða af  
skipinu, 25 aura af hverri smálest, samkvæmt hinu tilvitnaða lagaákvæði, svo